

## BORGARSTJÓRN

Ár 2019, þriðjudaginn 3. desember, var haldinn fundur í Borgarstjórn Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 10:02. Voru þá komnir til fundar, auk borgarstjóra, eftirtaldir borgarfulltrúar og varaborgarfulltrúar: Pawel Bartoszek, Heiða Björg Hilmisdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Sigurborg Osk Haraldsdóttir, Sigríður Arndís Jóhannesdóttir, Sabine Leskopf, Hjálmar Sveinsson, Aron Leví Beck, Skúli Helgason, Eyþór Laxdal Arnalds, Hildur Björnsdóttir, Valgerður Sigurðardóttir, Vigdís Hauksdóttir, Kolbrún Baldursdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Björn Gíslason, Örn Þórðarson og Katrín Atladóttir, Fundarritari var Helga Björk Laxdal.

### Þetta gerðist:

1. Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2020; síðari umræða.  
Lagt fram að nýju frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020 ásamt greinargerð og starfsáætlunum, sbr. 1. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 5. nóvember 2019. Einnig er lagður fram 21. liður fundargerðar borgarráðs frá 28. nóvember 2019.; breytingartillögur borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna merktar SCPV1-SCPV38. Einnig eru lagðar fram breytingartillögur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins merktar D1-D10, breytingartillögur borgarfulltrúa Miðflokksins merktar M1-3 og breytingartillögur borgarfulltrúa Flokks fólksins merktar F1-F5.
- Kl. 10:08 tekur Egill Þór Jónsson sæti á fundinum.
  - Kl. 10:14 tekur Ragnhildur Alda María Vilhjálm dóttir sæti á fundinum.
  - Kl. 12.10 tekur Líf Magneudóttir sæti á fundinum og Elín Oddný Sigurðardóttir viku.

Er þá gengið til atkvæða um þær breytingartillögur við frumvarp að fjárhagsáætlun ársins 2020 sem fyrir liggja:

SCPV-01 Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna innri leigu fasteigna, áhalda og tækja. Lagt er til að fjárheimildir fag- og kjarnasviða í aðalsjóði verði lækkaðar um 303.487 þ.kr vegna lægri innri leigu fasteigna, áhalda og búnaðar í samræmi við breyttar verðlagsforsendur skv. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 1. nóv. 2019. Jafnframt er lagt til að fjárheimildir skrifstofu eigna verði lækkaðar um 303.487 þ.kr vegna lækunar á tekjum af innri leigu. Breytingar á fjárheimildum verði eftirfarandi:

Innri leiga fasteigna, áhalda og tækja			(þ.kr.)
ÍTR	Íþrótt- og tómtundasvið	Frá	51.827
MOF	Menningar- og ferðamálasvið	Frá	19.259
RHS	Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu, auk FÁST, ÞON og MOS	Frá	18.555
SFS	Skóla- og frístundasvið	Frá	164.965
USKRK	Umhverfis- og skipulagssvið (Aðalsjóður)	Frá	11.180
VEL	Velferðarsvið	Frá	22.705
USKES	Umhverfis- og skipulagssvið (Eignasjóður)	Frá	3.571
ÖNN	Sameiginlegur kostnaður	Frá	11.425
ESK	Skrifstofa eigna (Eignasjóður)	Til	-303.487
Samtals			0

Breytingin hefur sambærileg áhrif til hækkunar á milliviðskiptum A-hluta, sbr. tillaga 35. Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflökks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-02 Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna samgöngusamninga. Lagt er til að fjárheimildir fag- og kjarnasviða verði lækkaðar um 183.507 þ.kr vegna samgöngusamninga. Breytingar á fjárheimildum verði eftirfarandi:

<b>Samgöngusamningar</b>			<b>(þ.kr.)</b>
ÍTR	Íþróttá- og tómstundasvið	Til	4.738
MOF	Menningar- og ferðamálasvið	Til	5.311
RHS	Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu, auk FÁST, ÞON og MOS	Til	5.172
SFS	Skóla- og frístundasvið	Til	133.296
USKRK	Umhverfis- og skipulagssvið (Aðalsjóður)	Til	4.019
VEL	Velferðarsvið	Til	28.868
USKES	Umhverfis- og skipulagssvið (Eignasjóður)	Til	2.019
ESK	Skrifstofa eigna (Eignasjóður)	Til	84
ÖNN	Laun og starfsmannakostnaður	Frá	-183.507
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-03 Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna launahækkana kjaranefndarraðaðra stjórnenda. Lagt er til að fjárheimildir fag- og kjarnasviða verði hækkaðar um 65.847 þ.kr vegna launahækkana kjaranefndarraðaðra stjórnenda.

<b>Launahækkun kjaranefndarraðaðra stjórnenda</b>			<b>(þ.kr.)</b>
ÍTR	Íþróttá- og tómstundasvið	Til	2.626
MOF	Menningar- og ferðamálasvið	Til	6.736
RHS	Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu, auk FÁST, ÞON og MOS	Til	18.915
SFS	Skóla- og frístundasvið	Til	8.037
USKRK	Umhverfis- og skipulagssvið (Aðalsjóður)	Til	12.768
VEL	Velferðarsvið	Til	14.611
USKES	Umhverfis- og skipulagssvið (Eignasjóður)	Til	2.154
ÖNN	Laun og starfsmannakostnaður	Frá	-65.847
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum laun og starfsmannakostnaður. Tillagan er dregin tilbaka og kemur því ekki til atkvæðagreiðslu.

SCPV-04 Breytingar á fjárheimildum SFS og VEL vegna skólastjórasmunings. Lagt er til að hluti af fjárheimildum vegna skólastjórasmunings eða sem nemur 2.995 þ.kr. verði fluttar frá skóla- og frístundasviði til velferðarsviðs til samræmis við ráðningarsamninga viðkomandi. Breytingar á fjárheimildum verði eftirfarandi:

<b>Skólastjórasmuningar</b>			<b>(þ.kr.)</b>
SFS	Skóla- og frístundasvið	Frá	-2.995
VEL	Velferðarsvið	Til	2.995
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-05 Breytingar á fjárheimildum FÁST vegna græns bókhalds Reykjavíkurborgar. Lagt er til að fjárheimildir fjármála- og áhættustýringarsviðs verði hækkaðar um 4.800 þ.kr vegna áskriftar af kerfi Klappa um grænt bókhald Reykjavíkurborgar. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Grænt bókhald</b>			<b>(þ.kr.)</b>
FÁST	Fjármála- og áhættustýringarsvið	Til	4.800
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-4.800
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflökks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-06 Breytingar á fjárheimildum FÁST vegna innkaupaskrifstofu.

Lagt er til að fjárheimildir fjármála- og áhættustýringarsviðs verði hækkaðar um 13.500 þ.kr. vegna nýs stöðugildis innkaupafulltrúa. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Nýtt stöðugildi innkaupafulltrúa</b>			<b>(þ.kr.)</b>
FÁST	Fjármála- og áhættustýringarsvið	Til	13.500
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-13.500
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflökks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-07 Breytingar á fjárheimildum ÍTR vegna rekstrarsamnings Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Lagt er til að fjárheimildir íþróttá- og tómstundasviðs verði hækkaðar um 5.933 þ.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar á Skíðasvæðunum. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Rekstrarsamningur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins</b>			<b>(þ.kr.)</b>
ÍTR	Íþróttá- og tómstundasvið		5.933
ÖNN	Ófyrirséð		-5.933
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflökks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-08 Breytingar á fjárheimildum ÍTR vegna frístundar fatlaðra. Lagt er til að fjárheimildir íþróttá- og tómstundasviðs verði hækkaðar um 6.700 þ.kr. vegna viðbótarkostnaðar við frístund fatlaðra vegna lagabreytinga hjá ríkinu. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Frístund fatlaðra</b>			<b>(þ.kr.)</b>
ÍTR	Íþróttá- og tómstundasvið	Til	6.700
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-6.700
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-9 Breytingar á fjárheimildum MOF vegna Borgarsögusafns. Lagt er til að tekjuáætlun menningar- og ferðamálasviðs verði lækkuð um 10.500 þ.kr. vegna minnkandi aðsóknar að sýningum Borgarsögusafns sem mætt verður með sparnaði í rekstrarkostnaði. Áhrif á áætlun sviðsins eru eftirfarandi:

<b>Borgarsögusafn</b>			<b>(þ.kr.)</b>
MOF	Menningar- og ferðamálasvið	Tekjur	10.500
MOF	Menningar- og ferðamálasvið	Gjöld	-10.500
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflökks Íslands og Miðflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-10 Breytingar á fjárheimildum MOF vegna viðburða. Lagt er til að útgjaldaheimildir menningar- og ferðamálasviðs verði hækkaðar um 10.664 þ.kr. vegna þátttöku í BIG BANG festival fyrir milligöngu Barnamenningarhátíðar í Reykjavík og á móti verði tekjur sviðsins hækkaðar um sömu fjárhæð. Styrkur hefur fengist frá Creative Europe fyrir verkefninu sem er fullfjármagnað 2020 til og með 2022. Áhrif á áætlun sviðsins eru eftirfarandi:

<b>Viðburðir</b>			<b>(þ.kr.)</b>
MOF	Menningar- og ferðamálasvið	Tekjur	-10.664
MOF	Menningar- og ferðamálasvið	Gjöld	10.664
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-11 Breytingar á fjárheimildum RHS vegna Hinsegin félagsmiðstöðva. Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnsýslu (RHS) verði hækkaðar um 2.000 þ.kr. vegna aukinnar styrkveitingar til rekstrar Hinsegin félagsmiðstöðva.

<b>Hinsegin félagsmiðstöð</b>			<b>(þ.kr.)</b>
RHS	Miðlæg stjórnsýsla (mannréttindaskrifstofa)	Til	2.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-2.000
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-12 Breytingar á fjárheimildum SFS vegna endurmats á hópaúthlutun grunnskóla. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 72.000 þ.kr. vegna endurmats á hópaúthlutun grunnskóla. Útgjaldauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Endurmat á hópaúthlutun grunnskóla</b>			<b>(þ.kr.)</b>
SFS	Skóla- og frístundasvið	Til	72.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-72.000
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-13 Breytingar á fjárheimildum SFS vegna búnaðarleigu grunnskóla. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 52.749 þ.kr. vegna hækkunar á búnaðarleigu vegna fjölgunar tölva í grunnskólum til samræmis við samþykkt borgarstjórnar þann 5. desember 2017. Útgjaldauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Tölvubúnaður grunnskólakennara</b>			<b>(þ.kr.)</b>
SFS	Skóla- og frístundasvið	Til	52.749
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-52.749
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-14 Breytingar á fjárheimildum SFS vegna skólaaksturs. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 71.924 þ.kr. vegna hækkunar á skólaakstri hjá grunnskólum í Reykjavík. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Skólaakstur</b>			<b>(þ.kr.)</b>
SFS	Skóla- og frístundasvið	Til	71.924
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-71.924
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-15 Breytingar á fjárheimildum SFS vegna tónlistarskóla. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 40.102 þ.kr. vegna kjarasamningsbundanna launahækkana Félags íslenskra hljómlistarmanna og Félags tónlistarskólakennara frá árinu 2018 vegna einkarekinna tónlistarskóla. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum laun og starfsmannakostnaður.

<b>Tónlistaskólar</b>			<b>(þ.kr.)</b>
SFS	Skóla- og frístundasvið	Til	40.102
ÖNN	Laun og starfsmannakostnaður	Frá	-40.102
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-16 Breytingar á fjárheimildum SFS vegna innritunarkerfisins Völu. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 12.467 þ.kr. vegna innritunarkerfisins Völu. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Vala innritunarkerfi</b>			<b>(þ.kr.)</b>
SFS	Skóla- og frístundasvið	Til	12.467
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-12.467
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-17 Breytingar á fjárheimildum SFS vegna stækkunar húsnæðis fjögurra skóla. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um samtals 29.700 þ.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar Dalskóla, Klettaskóla, Vesturbæjarskóla og Norðlingaskóla vegna stækkun húsnæðis. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Rekstraráhrif af stækkun skólahúsnæðis</b>			<b>(þ.kr.)</b>
SFS	Skóla- og frístundasvið vegna Dalskóla	Til	13.100
SFS	Skóla- og frístundasvið vegna Klettaskóla	Til	12.200
SFS	Skóla- og frístundasvið vegna Vesturbæjarskóla	Til	3.000
RHS	Skóla- og frístundasvið vegna Norðlingaskóla	Til	1.400
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-29.700
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-18 Breytingar á fjárheimildum SFS vegna leiðsagnarkennara. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 45.989 þ.kr. vegna viðbótarkostnaðar vegna leiðsagnarkennara. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum laun og starfsmannakostnaður.

<b>Leiðsagnarkennarar í grunnskólum</b>			<b>(þ.kr.)</b>
SFS	Skóla- og frístundasvið	Til	45.989
ÖNN	Laun og starfsmannakostnaður	Frá	-45.989
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-19 Breytingar á fjárheimildum SFS vegna verkefnastjóra í Fellaskóla.

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 15.000 þ.kr. vegna kostnaðar við ráðningu verkefnastjóra til starfa við Fellaskóla. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Fellaskóli ný staða verkefnastjóra</b>			<b>(þ.kr.)</b>
SFS	Skóla- og frístundasvið	Til	15.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-15.000
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-20 Breytingar á fjárheimildum SFS vegna búnaðaráttaks. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 100.000 þ.kr. vegna búnaðaráttaks í grunnskólum, leikskólum og frístund. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Búnaðaráttak</b>			<b>(þ.kr.)</b>
SFS	Skóla- og frístundasvið	Til	100.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-100.000
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-21 Breytingar á fjárheimildum SFS vegna spár um barnafjölda.

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði lækkaðar um 114.515 þ.kr. vegna nýrrar spár um barnafjölda í grunnskólum, leikskólum og frístund. Lækkun útgjalda verði ráðstafað á liðinn ófyrirséð.

<b>Spá um barnafjölda</b>			<b>(þ.kr.)</b>
SFS	Skóla- og frístundasvið (grunnskóli)	Frá	-44.021
SFS	Skóla- og frístundasvið (leikskóli)	Frá	-61.559
SFS	Skóla- og frístundasvið (frístundhluti)	Frá	-8.935
ÖNN	Ófyrirséð	Til	114.515
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflökks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-22 Breytingar á fjárheimildum USK vegna Heilbrigðiseftirlits

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs verði hækkaðar um samtals 20.000 þ.kr. vegna tveggja nýrra stöðugilda við matvælaeftirlit og umhverfiseftirlit. Útgjaldauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Heilbrigðiseftirlit tvö ný stöðugildi</b>			<b>(þ.kr.)</b>
USK	Umhverfis- og skipulagssvið	Til	20.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-20.000
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-23 Breytingar á fjárheimildum USK vegna reksturs umferðarljósa.

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs verði hækkaðar um 10.000 þ.kr. vegna nýs stöðugildis rafeindavirkja á skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins til að sinna eftirliti, umsjón, tæknimálum og viðhaldsmálum umferðarljósa auk þess að mæta auknum kröfum um sólarhringsvaktir. Útgjaldauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Nýtt stöðugildi við rekstur umferðarljósa</b>			<b>(þ.kr.)</b>
USK	Umhverfis- og skipulagssvið	Til	10.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-10.000
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-24 Breytingar á fjárheimildum VEL vegna reksturs neyðarskýlis að Grandavegi.

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 138.736 þ.kr. vegna reksturs neyðarskýlis að Grandavegi 1a. Útgjaldauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Neyðarskýli Grandavegi 1a</b>			<b>(þ.kr.)</b>
VEL	Velferðarsvið	Til	138.736
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-138.736
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-25 Breytingar á fjárheimildum VEL vegna endurmats á störfum

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 28.479 þ.kr. vegna endurmats á störfum m.a. félagsráðgjafa í Barnavernd og annarra félagsráðgjafa sem starfa á velferðarsviði. Útgjaldauki verði fjármagnaður af liðnum laun og starfsmannakostnaður.

<b>Starfsmat</b>			<b>(þ.kr.)</b>
VEL	Velferðarsvið	Til	28.479
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-28.479
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-26 Breytingar á fjárheimildum VEL vegna framlags til Félagsbústaða

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs vegna framlags til Félagsbústaða verði lækkaðar um 78.320 þ.kr., úr 160.000 þ.kr. í 81.680 þ.kr. Er sú fjárheimild til að standa straum af

leigu vegna sameiginlegra rýma í þjónustuhúsum aldraðra og fatlaðra. Lækkun útgjalda verði ráðstafað á liðinn ófyrirséð.

<b>Framlag til Félagsbústaða</b>			<b>(þ.kr.)</b>
VEL	Velferðarsvið	Til	-78.320
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	78.320
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflökks Íslands og Miðflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-27 Breytingar á fjárheimildum VEL vegna PMTO foreldraþjálfun. Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 17.500 þ.kr. vegna PMTO foreldrafærninámskeiða þar sem kennt er að nota styðjandi uppeldisaðferðir þar sem unnið er með ákveðna grunnþætti til að stuðla að jákvæðri hegðun barnsins og draga úr hegðunarvanda. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>PMTO foreldraþjálfun</b>			<b>(þ.kr.)</b>
VEL	Velferðarsvið	Til	17.500
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-17.500
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-28 Breytingar á fjárheimildum VEL vegna þriggja nýrra stöðugilda í Barnavernd Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 33.000 þ.kr. vegna þriggja nýrra stöðugilda í Barnavernd. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Þrjú ný stöðugildi í Barnavernd</b>			<b>(þ.kr.)</b>
VEL	Velferðarsvið	Til	33.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-33.000
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-29 Breytingar á fjárheimildum VEL vegna verkefnisins Tinnu. Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 25.000 þ.kr. vegna verkefnisins Tinnu sem er tilraunaverkefni með það að markmiði að styðja unga einstæða foreldra, sem hafa notið fjárhagsaðstoð til framfærslu, til að auka lífsgæði foreldra og barna þeirra. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Verkefnið Tinna</b>			<b>(þ.kr.)</b>
VEL	Velferðarsvið	Til	25.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-25.000
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-30 Breytingar á fjárheimildum VEL vegna verkefnisins ELLA. Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 22.000 þ.kr. vegna verkefnisins Ellu. Fjárheimildina skal nýta til að standa straum af launum tveggja fagaðila sem verða til aðstoðar einstæðum foreldrum í tímabundinni leigu að Elliðabraut þar sem sérstök áhersla verði lögð á að aðstoða íbúa til að koma undir sig fótunum í sjálfstæðri búsetu. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.



<b>Verkefnið ELLA</b>			<b>(þ.kr.)</b>
VEL	Velferðarsvið	Til	22.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-22.000
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-31 Breytingar á fjárheimildum VEL vegna Bataskólans. Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 15.000 þ.kr. vegna Bataskólans sem hefur að að markmiðið að auka hæfni fólks með geðröskun til að ná stjórn á verkefnum daglegs lífs, samlagast samfélaginu og ná tókum á eigin tilveru. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Bataskólinn</b>			<b>(þ.kr.)</b>
VEL	Velferðarsvið	Til	15.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-15.000
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-32 Breytingar á fjárheimildum ÞON vegna Gagnsjár. Lagt er til að fjárheimildir þjónustu- og nýsköpunarsviðs verði hækkaðar um 13.200 þ.kr. vegna Gagnsjár. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Gagnsjá</b>			<b>(þ.kr.)</b>
ÞON	Þjónustu- og nýsköpunarsvið	Til	13.200
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-13.200
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-33 Breytingar á fjárheimildum ÞON vegna þýðingar heimasíðu borgarinnar. Lagt er til að fjárheimildir þjónustu- og nýsköpunarsviðs verði hækkaðar um 14.000 þ.kr. vegna vinnu við þýðingar heimasíðu Reykjavíkurborgar yfir á ensku og pólsku. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Þýðing heimasíðu</b>			<b>(þ.kr.)</b>
ÞON	Þjónustu- og nýsköpunarsvið	Til	14.000
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-14.000
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-34 Breytingar á fjárheimildum Framlaga til B- hluta fyrirtækja vegna Strætó. Lagt er til að fjárheimildir framlaga til B- hluta fyrirtækja verði hækkaðar um samtals 36.991 þ.kr. vegna hækkunar framlags til Strætó. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

<b>Framlag til Strætó</b>			<b>(þ.kr.)</b>
FRAML	Framlög til B-hluta fyrirtækja	Til	36.991
ÖNN	Ófyrirséð	Frá	-36.991
<b>Samtals</b>			<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-35 Flutningur á milli liða hjá ÍTR. Lagt er til að fjárheimildir verði fluttar á milli liða í fjárhagsáætlun ÍTR. Tilfærslan er eftirfarandi:

Flutningur á milli liða í fjárhagsáætlun ÍTR		(þ.kr.)
Styrkir	Til	2.012.115
Íþróttamál	Frá	-2.012.115

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflökks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-36 Breytingar á fjárfestingaáætlun A-hluta Reykjavíkurborgar. Lagt er til að eftirfarandi breytingar/tilfærslur verði gerðar á fjárfestingaráætlun A-hluta Reykjavíkurborgar. Tillagan felur í sér að heildarfjárhæð fjárfestinga verður óbreytt en breytingar eru gerðar á eftirfarandi liðum. Stofnkostnaður fasteigna: 1. Breytingar vegna verkefna þar sem lögð er til hækkun á áætlun 2020. Um er að ræða eftirfarandi verkefni: Árbæjarsafn ný geymslubygging (20 m.kr.), Seljaskóli (56 m.kr.), Fjölskyldu og húsdýragarður (20 m.kr.), Íþróttamiðstöð Fram í Úlfarsárdal (1.450 m.kr.), Skíðalyftur í hverfum (10 m.kr.), Hjúkrunarheimili við Sléttuveg (48,45 m.kr.), Lindargata 48, gistiskýli (35 m.kr.), samtals 1.639,45 m.kr. 2. Breytingar vegna verkefna þar sem lögð er til lækkun á áætlun 2020. Um er að ræða eftirfarandi verkefni: Laugardalsvöllur (30 m.kr.), Sundlaug Íþróttamiðstöð í Úlfarsárdal (1.450 m.kr.), Framtíðarverkefni v/skammtíma- og dagvistunar (48,45 m.kr.), Hverfisbækistöð Örfirisey (111 m.kr.), samtals 1.639,45 m.kr. Samtals breyting stofnkostnaðar fasteigna að fjárhæð **0 þ.kr.** Sjá nánar í sundurliðun í töflu.

Stofnkostnaður fasteigna		(þ.kr.)
<i>Hækkun á fjárheimildum árið 2020</i>		
<i>ksn.staður</i>		
1103	Árbæjarsafn nýjar geymslur	20.000
1104	Seljaskóli	56.000
1105	Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn	20.000
1105	Íþróttamiðstöð FRAM í Úlfarsárdal	1.450.000
1105	Skíðalyftur í hverfum	10.000
1107	Hjúkrunarheimili við Sléttuveg	48.450
1107	Lindargata 48 Gistiskýli	35.000
<b>Samtals</b>		<b>1.639.450</b>
<i>Lækkun á fjárheimildum árið 2020</i>		
<i>ksn.staður</i>		
1105	Laugardalsvöllur	-30.000
1105	Sundlaug Íþróttamiðstöð í Úlfarsárdal	-1.450.000
1107	Framtíðarverkefni v/skammtíma- og dagvistunar	-48.450
1108	Hverfisbækistöð Örfirisey	-111.000
<b>Samtals</b>		<b>-1.639.450</b>
<b>Samtals</b>		<b>0</b>

Stofnkostnaður gatna: 1. Breytingar vegna verkefna þar sem lögð er til hækkun á áætlun 2020. Um er að ræða eftirfarandi verkefni: Umferðarljós (100 m.kr.), Hraunbær 103 (55 m.kr.), Samgönguúrþætur Grafarvogur norður (70 m.kr. ) samtals 225 m.kr. 2. Breytingar

vegna verkefna þar sem lögð er til lækkun á áætlun 2020. Um er að ræða eftirfarandi verkefni: Miðlæg umferðarstýring (30 m.kr.), Gangbrautarljós (20 m.kr.), Vogabyggð (55 m.kr.), Umferðarljós (50 m.kr.), Umferðaröryggisáætlun (20 m.kr.), Göngu- og hjólastígar, hjólréiðaáætlun o.fl. (50 m.kr.), samtals 225 m.kr. Samtals breyting á stofnkostnaði gatna að fjárhæð 0 kr. Sjá nánar í sundurliðun í töflu.

<b>Stofnkostnaður gatna</b>		<b>(þ.kr.)</b>
<i>Hækkun á fjárheimildum árið 2020</i>		
<i>kns.staður</i>		
3102	Umferðarljós	100.000
3104	Hraunbær 103, lenging götu og stíga	55.000
3106	Samgöngubætur Grafarvogur norður	70.000
<b>Samtals</b>		<b>225.000</b>
<i>Lækkun á fjárheimildum árið 2020</i>		
<i>kns.staður</i>		
3102	Miðlæg umferðarstýring	-30.000
3102	Gangbrautarljós	-20.000
3104	Vogabyggð	-55.000
3104	Umferðarljós	-50.000
3107	Umferðaröryggisáætlun	-20.000
3107	Göngu- og hjólastígar, hjólréiðaáætlun o.fl.	-50.000
<b>Samtals</b>		<b>-225.000</b>
<b>Samtals</b>		<b>0</b>

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflökks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-37 Breytingar á milliviðskiptum A-hluta. Lagt er til að milliviðskiptum samstæðu A-hluta verði breytt eins og lýst er í meðfylgjandi töflu:

<b>Milliviðskipti rekstrar A-hluti</b>		<b>(þ.kr.)</b>
ES	Tekjur Eignasjóðs (lækkun) vegna innri leigu	303.487
AS/ES	Gjöld Aðalsjóðs og Eignasjóðs (lækkun) vegna innri leigu	-303.487

Breytingin skýrist af afleiddum áhrifum af breyttum verðlagsforsendum.

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflökks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

SCPV-38 Framkvæmd. Lagt er til að sviðstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs verði falið að útfæra ofangreindar breytingar á kostnaðarstaði í A-hluta eftir því sem við á í samráði við hlutaðeigandi svið.

Samþykkt.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflökks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

D-1 Tillaga Sjálfstæðisflokks um viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega. Lagt er til að viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2020 verði eftirfarandi: Viðmiðunartekjur: I. 100% lækkun: Einstaklingar með tekjur allt að 5.000.000 kr. Samskattaðir aðilar með tekjur allt að 6.540.000 kr. II. 80% lækkun: Einstaklingar með tekjur á bilinu 5.000.000 til 5.600.000 kr. Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 6.540.000 til 7.700.000 kr. III. 50% lækkun: Einstaklingar með tekjur á bilinu 5.600.000 til 6.200.000 kr. Samskattaðir aðilar með tekjur á bilinu 7.700.000 til 8.640.000 kr. Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var felld á fundi borgarstjórnar 5. nóvember 2019 og kemur þar af leiðandi ekki til afgreiðslu á fundinum.

D-2 Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um lækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði úr 1,65% í 1,60%. Borgarstjórn samþykkir að lækka fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði úr 1,65% í 1,60% þegar á árinu 2020.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Vinstri grænna gegn 9 atkvæðum Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

D-3 Tillaga Sjálfstæðisflokks um að arðgreiðslum frá Orkuveitu Reykjavíkur verði ráðstafað til útsvarslækkana: Lagt er til að arðgreiðslum frá Orkuveitu Reykjavíkur verði að fullu ráðstafað til útsvarslækkana í Reykjavík. Utgjaldaauki verði fjármagnaður með aðhaldi í innkaupum, útboðum og hagræðingu í miðlægrri stjórnsýslu.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Vinstri grænna og Sósíalístaflokks Íslands gegn 9 atkvæðum Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

D-4 Tillaga Sjálfstæðisflokksins um að lækka kostnað í miðlægrri stjórnsýslu borgarinnar um 5% á árinu 2020. Borgarstjórn samþykkir að lækka kostnað í miðlægrri stjórnsýslu um 5% á árinu 2020. Hér er átt við miðlæga stjórnsýslu eins og hún var skilgreind árið 2019, sjá nánari sundurliðun í greinargerð.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 10 atkvæðum Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

D-5 Tillaga Sjálfstæðisflokksins að Malbikunarstöðin Höfði verði seld. Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að Malbikunarstöðin Höfði sem er að fullu í eigu Reykjavíkurborgar verði sett í sölufurli. Eignarhald borgarinnar á Malbikunarstöðinni skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja á sama markaði og samræmist ekki sjónarmiðum um heilbrigða samkeppni og hagkvæma opinbera þjónustu.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Vinstri grænna og Sósíalístaflokks Íslands gegn 9 atkvæðum Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

D-6 Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að farið verði í rekstrarútboð fyrir þrjú af þeim sjö bílastæðahúsum sem Reykjavíkurborg rekur í dag. Borgarstjórn samþykkir að farið verði í rekstrarútboð fyrir þrjú af þeim sjö bílastæðahúsum sem Reykjavíkurborg rekur í dag. Reksturinn verði boðin út eigi síðar en 1. febrúar 2020.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Vinstri grænna og Sósíalístaflokks Íslands gegn 8 atkvæðum Sjálfstæðisflokksins.

Borgarfulltrúar Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

D-7 Tillaga Sjálfstæðisflokks um að rekstur sorphirðu í borginni verði boðin út. Borgarstjórn samþykkir að kannað verði hvort hægt sé að ná hagkvæmni í rekstri sorphirðu í borginni með því að bjóða framkvæmd hennar út. Miðað skuli við að breytingin yrði gerð í áföngum, að byrjað væri í völdum hverfum, og reynslan metin áður en lengra yrði haldið. Skilyrða þyrfti að núverandi starfsfólk héldi störfum sínum og starfstengd réttindi þeirra fylgdu með. Með könnuninni mætti áætla sparnað og í

framhaldinu kanna hvort draga mætti úr gjaldtöku í málaflokknum, og/eða draga úr umhverfisáhrifum sorphirðu í borginni.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Vinstri grænna og Sósíalístaflokks Íslands gegn 9 atkvæðum Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

D-8 Tillaga Sjálfstæðisflokks um að Gagnaveita Reykjavíkur ehf. verði seld. Lagt er til að Gagnaveita Reykjavíkur ehf. verði seld. Sala á nettengingum er hvorki hluti af grunnrekstri Reykjavíkurborgar né hefðbundnum grunnrekstri Orkuveitunnar. Söluandvirðið verði nýtt til að lækka skuldir og fjármagnskostnað í samstæðu Reykjavíkurborgar.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 13 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Vinstri grænna og Sósíalístaflokks Íslands gegn 9 atkvæðum Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

D-9 Tillaga Sjálfstæðisflokks um jöfn fjárframlög úr borgarsjóði með börnum í grunnskóla, óháð rekstrarformi. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 289.001.000 kr. svo unnt verði að veita jöfn fjárframlög úr borgarsjóði með hverjum nemanda sem lögheimili á í Reykjavík, og sækir þar grunnskóla. Þannig fylgi sama upphæð opinbers fjár hverju barni í skólakerfinu, óháð rekstrarformi viðkomandi grunnskóla. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 9 atkvæðum Sjálfstæðisflokksins, og Miðflokksins.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

D-10 Tillaga Sjálfstæðisflokks um jöfn framlög úr borgarsjóði með börnum í leikskóla, óháð rekstrarformi. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 107.664.861 kr. svo unnt verði að veita jöfn rekstrarframlög úr borgarsjóði með hverju barni sem lögheimili á í Reykjavík og sækir þar leikskóla. Þannig fylgi sama upphæð opinbers fjár hverju barni inn í leikskóla, óháð rekstrarformi viðkomandi skóla. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 9 atkvæðum Sjálfstæðisflokksins, og Miðflokksins.

Borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun vegna breytingartillagna Sjálfstæðisflokksins:

Í samræmi við samstarfssáttmála meirihlutans og samþykktu fimm ára áætlun er fyrirhugað að lækka fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði niður í 1,60 fyrir lok kjörtímabilsins. Sú áætlun stendur. Þegar kemur að samningum við sjálfstæða skóla og fjármögnun frístundar hefur talsverður árangur náðst á kjörtímabilinu, áfram verður stutt við sjálfstætt starfandi skóla í borginni í samræmi við samstarfssáttmála meirihlutans. Í samstarfssáttmála meirihlutans segir einnig: "Við ætlum að leggja malbikunarstöðinni Höfða til nýja lóð og kanna í kjölfarið kosti og galla þess að selja fyrirtækið." Unnið verður í samræmi við það. Bílastæðamálin eru í heild sinni í skoðun. Vel kann að vera að skoða megi rekstrarumhverfi bílastæða til framtíðar en ekki þykir rétt að samþykkja slíkar breytingar á þessu stigi, áður en heildarskoðun er lokið.

M-1 Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins, aðstaða fyrir matvæli til að minnka matarsóun. Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar að kom

upp aðstöðu/matartorgi miðsvæðis í Reykjavík fyrir fyrirtæki sem eiga matvæli í lok dags og vilja koma þeim áfram ókeypis í neyslu til að minnka matarsóun. Fyrirhugaður opnunartími yrði í s.l. 1. febrúar 2020. Áætlaður kostnaður er 5 milljónir króna. Fjármögnun verði af liðnum ófyrirséð, kostn.st. 09205.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 11 atkvæðum Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins.

M-2 Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um hækkun á frístundastyrk. Borgarstjórn samþykkir að hækka upphæð frístundastyrks sem veittur er með frístundakorti Reykjavíkurborgar miðað við hækkun á vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2017 eða um 8,2% og verði 54.000 á barn á ári. Tillagan felur í sér að fjárheimildir íþrótt- og tómstundssviðs verði hækkaðar um 60 m.kr. Kostnaðarauki verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostn.st. 09205.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 2 atkvæðum borgarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

M-3 Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins um niðurfellingu á útsvari 67 ára og eldri sem eingöngu njóta greiðslna frá Tryggingastofnun. Borgarstjórn samþykkir að fella niður útsvar hjá þeim Reykvíkingum 67 ára og eldri sem njóta eingöngu greiðslna frá Tryggingastofnun og hafa ekki greiðslur úr skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóðum. Tillagan felur í sér að útsvarstekjur lækki um sem nemur 237,3 m.kr. Tekjulækkun verði fjármögnuð af liðnum ófyrirséð, kostn.st. 09205.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 3 atkvæðum borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins og leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins styðja skattalækkunar almennt og eru með tillögur þess efnis sem liggja fyrir þessum fundi. Sjálfstæðismenn eru með aðra tillögu á þessum fundi þar sem komið er til mótis við eldri borgara og öryrkja með skýrum og löglegum hætti.

F-1 Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins, biðlistar vegna þjónustu við börn. Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 40,5 m.kr. til þess að vinna niður biðlista í þjónustu við börn. Lagt er til að sú leið verði farin að ráða inn hóp fagfólks tímabundið til að taka niður biðlistann. Ráðnir verði 2 sálfræðingar til viðbótar og einn talmeinafræðingur til eins árs til að byrja með fyrir leik- og grunnskóla. Gert er ráð fyrir að kostnaður fyrir þessi þrjú stöðugildi nemi 40,5 m.kr. sem fjármagnað verði með tilfærslu af liðnum ófyrirséð, kostn.st. 09205.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 3 atkvæðum Sósíalístaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

F-2 Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um fríar skólamáltíðir fyrir börn í leik- og grunnskólum. Flokkur fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að öll börn í leik- og grunnskóla fái fríar skólamáltíðir. Tillagan felur í sér að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði hækkaðar um 1.605 m.kr. vegna tekjulækkunar. Lagt er til að tekjulækkun sviðsins sem áætlað er að nemi um 1.606 m.kr. á ári og þeim kostnaði sviðsins sem tillagan útheimtir verði fjármögnuð af handbæru fé þar sem ljóst þykir að

liðurinn ófyrirséður ræður ekki við útgjaldaaukningu af þessar stærðargráðu. Jafnframt er lagt til að fjárfestingar ársins 2020 verði lækkaðar um sömu fjárhæð eða 1.605 m.kr. og sem felur í sér að sjóðsstaða borgarinnar helst í jafnvægi. Í þeirri áætlun sem nú er verið að leggja fram til síðari umræðu er áætlað að 19,5 milljarðar króna fari í fjárfestingar en nái tillagan fram að ganga lækki þær í 17,9 milljarða króna. Lagt er til að eignaskrifstofunni verði falið að forgangsraða fjárfestingum upp á nýtt í samvinnu við umhverfis- og skipulagssvið með þetta í huga.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 20 atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 2 atkvæðum borgarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

F-3 Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um styrki til dagforeldra. Flokkur fólksins leggur til að styrkir til dagforeldra verði hækkaðir um 15%. Um er að ræða leigustyrk, styrk vegna ákveðins fjölda barna og aðstöðustyrk. Tillagan felur í sér að fjárheimildir skóla- og fristundasviðs verði hækkaðar um 61,4 m.kr. Viðbótarútgjöld verði fjármögnuð með lækkun á fjárheimildum til menningar- og ferðamálasviðs um sömu fjárhæð, nánar tiltekið verði fjárheimildir til annarrar menningarstarfsemi kostn.st. 03550 lækkaðar um 25 m.kr., til landnámsýningar kostn.st. 03710 lækkaðar um 25 m.kr. og fjárheimildir til listaverka á opnum svæðum kostn.st. 03350 lækkaðar um 12,1 m.kr.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn 2 atkvæðum borgarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Sósíalístaflokks Íslands sitja hjá við afgreiðslu málsins.

F-4 Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um opnun á göngugötum í miðbænum. Flokkur fólksins leggur til að opna aftur göngugötur fyrir umferð a.m.k. þar til að framkvæmdir hefjast og nota tímann sem framundan er til að ræða við rekstraráðila á svæðinu.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 14 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata, Vinstri grænna, Hildar Björnsdóttur og Katrínar Atladóttur borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins gegn 8 atkvæðum Eypórs Laxdals Arnalds, Valgerðar Sigurðardóttur, Björns Gíslasonar, Arnar Þórðarsonar borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands situr hjá við afgreiðslu málsins.

F-5 Tillaga borgarfulltrúa Flokks fólksins um ráðstöfun innri leigu í viðhaldskostnað. Flokkur fólksins leggur til að borgarstjórn samþykki að tryggja að þeim hluta innri leigu sem innheimtur er vegna áætlaðs viðhaldskostnaðar verði varið til raunverulegs viðhalds og að á hverju þriggja ára tímabili fari fram uppgjör sem sýni fram á að allt innheimt viðhald hafi verið fært út til greiðslu á raunverulegu viðhaldi.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan er felld með 12 atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna gegn atkvæði borgarfulltrúa Flokks fólksins.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands og Miðflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Allar tillögur Flokks fólksins til breytinga hafa verið felldar. Hvernig á að túlka slíkt? Hér er barist fyrir því að ná niður biðlistum, hvernig getur það ekki hugnast meirihlutanum? Af hverju verða börn, fatlaðir og eldir borgarar að bíða eftir þjónustu, af hverju eru þessir hópar látnir mæta afgangi þegar þeir þurfa sérstaka aðstoð? Stórt er spurt en fátt um svör. Tillögur um gjaldfrjálsar skólamáltíðir og styrkir til dagforeldra var sömuleiðis hent. Hér er aðeins verið að tala um að ráða tvo sálfræðinga til tímabundinna starfa til að stytta biðtíma barna eftir nauðsynlegri

þjónustu. Dagforeldrar segja meirihlutann vera að ganga að stéttinni dauðri. Eru það þakkir borgarinnar til þessarar stéttar? Með þessari afgreiðslu finnst Flokki fólksins meirihlutinn í borginni sýna fólki vanvirðingu. Skilaboðin eru, þið getið beðið. Fram kom í botnlausum hrósræðum meirihlutans um sjálfa sig skilaboðin „við vitum betur en þið hvernig gera á þessa borg góða“. Þessi skilaboð kjarnast vel í samskiptum meirihlutans við foreldra og íbúa Staðarhverfis, Miðbæjarfélagið, hagsmunaaðila og vina Elliðarárdalsins, rekstraraðila Hverfisgötu svo fátt sé upp talið. Fram undan er nýtt ár, þriðja ár þessa kjörtímabilsins. Borgarfulltrúi Flokks fólksins vænti þess að fá hlustun á mál sín sem lögð eru fram með fjölda manns að baki sem vonaði að þeim yrði tekið vel en varð ekki kápan úr því klæði.

Borgarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn lagði fram ýmsar breytingartillögur sem voru margar ekki nánar útskýrðar og erfitt að átta sig á innihaldi þeirra við lestur. Gott er að fjölgað sé í stöðugildum hjá Heilbrigðiseftirliti en mikilvægt er að vera í samtali við þau til að tryggja að þörfum þeirra sé að fullu mætt. Jákvætt er að sjá tillögu Miðflokks um aðstöðu til að minnka matarsóun, sem væri mögulega hægt að útfæra í samstarfi við félagasamtök. Varðandi tillögu um hækkun fristundastyrksins telur Sósíalístaflokkurinn nauðsynlegt að endurskoða fristundastarfsemi í heild sinni varðandi gjaldtöku svo tryggja megi að fjármagnið fari til þeirra sem þurfa mest á því. Sósíalistar eru á móti hagræðingu sem bitnar á þjónustu við borgarbúa en sumstaðar gæti það mögulega gengið upp t.d. þar sem kerfi þjónar ekki þörfum borgarbúa. Sósíalístaflokkurinn áréttar að hann hafnar allri einkavæðingu innviða og vill reka fyrirtæki í eigu borgarinnar á samfélagslegum grunni. Sósíalistar styðja jöfn framlög úr borgarsjóði í leik- og grunnskóla borgarinnar sem rekin eru af t.d. félagasamtökum og mikilvægt þá að skólagjöld verði afnumin til að tryggja að allir geti setið við sama borð. Sósíalistar styðja gjaldfrjálsa grunnskóla en ekki á kostnað fjárfestinga í innviðum. Sömuleiðis styðjum við allar tillögur sem létta skattbyrði af hinum tekjulægstu.

Þá er gengið til atkvæða um frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020 með áorðnum breytingum.

Allar tölur í þús. kr.	Frumvarp	Frumvarp að fjárhagsáætlun með áorðnum breytingum	Breytingatillögur		Breytingatillögur minnihluta	
			Samfylkingarinnar, Vífreisnar, Pírata og Vinstri hreyfingar græns framboðs			
<b>Skatttekjur</b>						
Tillaga um niðurfellingu á útsvari 67 ára og eldri sem eingöngu njóta greiðslna frá Tryggingastofnun				-237.300	M-3	Kemur ei til atkv.
Tillaga um lækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði úr 1,65% í 1,60%				-447.000	D-2	Kemur ei til atkv.
Tillaga um að arðgreiðslum frá Orkuveitu Reykjavíkur verði ráðstafað til útsvarslækkana.					D-3	Kemur ei til atkv.
<b>Skatttekjur í heild</b>	<b>115.683.488</b>	<b>115.683.488</b>				
<b>Tekjur at þjónustu málaflokka</b>	<b>16.528.939</b>	<b>16.528.939</b>				Kemur ei til atkv.
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>132.212.427</b>	<b>132.212.427</b>				Kemur ei til atkv.
<b>Íþrótt- og tómsundasvið - ITR</b>						
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna innri leigu fasteigna, áhaldna og tækja			-51.827	SCPV-01		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna samgöngusamninga			4.738	SCPV-02		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum ITR vegna rekstrarsamnings Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins			5.933	SCPV-07		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum ITR vegna fristundar fatlaðra			6.700	SCPV-08		Kemur ei til atkv.
Flutningur á milli líða hjá ITR - styrkir			2.012.115	SCPV-35		Kemur ei til atkv.
Flutningur á milli líða hjá ITR - Íþróttamál			-2.012.115	SCPV-35		Kemur ei til atkv.
Tillaga um hækkun á fristundastyrk				60.000	M-2	Kemur ei til atkv.
<b>Mennningar- og ferðamálasvið - MOF</b>						
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna innri leigu fasteigna, áhaldna og tækja			-19.259	SCPV-01		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna samgöngusamninga			5.311	SCPV-02		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum MOF vegna Borgarsögusafns - tekjur			10.500	SCPV-09		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum MOF vegna Borgarsögusafns - gjöld			-10.500	SCPV-09		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum MOF vegna viðburða - tekjur			-10.664	SCPV-10		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum MOF vegna viðburða - gjöld			10.664	SCPV-10		Kemur ei til atkv.
Styrkir til dagforeldra				-61.400	F-3	Kemur ei til atkv.
<b>Skóla- og fristundasvið - SFS</b>						
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna innri leigu fasteigna, áhaldna og tækja			-164.965	SCPV-01		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna samgöngusamninga			133.296	SCPV-02		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS og VEL vegna skólastjórnings			-2.995	SCPV-04		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna endurmats á hópaúthlutun grunnskóla			72.000	SCPV-12		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna búnaðarleigu grunnskóla			52.749	SCPV-13		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna skólaaksturs			71.924	SCPV-14		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna tónlistarskóla			40.102	SCPV-15		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna innritunarkerfisins Völu			12.467	SCPV-16		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna staðkunar húsnæðis 4ra skóla - Dalskóli			13.100	SCPV-17		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna staðkunar húsnæðis 4ra skóla - Klettaskóli			12.200	SCPV-17		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna staðkunar húsnæðis 4ra skóla - Vesturbæjarskóli			3.000	SCPV-17		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna staðkunar húsnæðis 4ra skóla - Norðlingaskóli			1.400	SCPV-17		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna leiðsagnarkennara			45.989	SCPV-18		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna verkefnastjóra í Fellaskóla			15.000	SCPV-19		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna búnaðaráttaks			100.000	SCPV-20		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna spár um barnafjölda			-44.021	SCPV-21		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna spár um barnafjölda			-61.559	SCPV-21		Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna spár um barnafjölda			-8.935	SCPV-21		Kemur ei til atkv.
Tillaga um jöfn fjárfrelög úr borgarsjóði með börnum í grunnskóla, óháð rekstrarformi				289.001	D-9	Kemur ei til atkv.
Tillaga um jöfn framlög úr borgarsjóði með börnum í leikskóla, óháð rekstrarformi				107.665	D-10	Kemur ei til atkv.
Bílistar vegna þjónustu við börn				40.500	F-1	Kemur ei til atkv.
Frjár skólamáltíðir fyrir börn í leik- og grunnskólum (SFS)				1.605.000	F-2	Kemur ei til atkv.
Rekstrarkostnaður				-61.400	F-3	Kemur ei til atkv.



Umhverfis- og skipulagssvið - USKRK			
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna innri leigu fasteigna, áhaldna og tækja	-11.180	SCPV-01	
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna samgöngusamninga	4.019	SCPV-02	
Breytingar á fjárheimildum USK vegna Heilbrigðiseftirlits	20.000	SCPV-22	
Breytingar á fjárheimildum USK vegna reksturs umferðarljósa	10.000	SCPV-23	
Tillaga um að setja upp aðstöðu fyrir matvæli til að minnka matarsóun			5.000 M-1
Velferðarsvið - VEL			
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna innri leigu fasteigna, áhaldna og tækja	-22.705	SCPV-01	
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna samgöngusamninga	28.868	SCPV-02	
Breytingar á fjárheimildum SFS og VEL vegna skólastjórasamnings	2.995	SCPV-04	
Breytingar á fjárheimildum VEL vegna reksturs neyðarskýlis að Grandavegi	138.736	SCPV-24	
Breytingar á fjárheimildum VEL vegna endurmatís á störfum	28.479	SCPV-25	
Breytingar á fjárheimildum VEL vegna framlags til Félagsbústaða	-78.320	SCPV-26	
Breytingar á fjárheimildum VEL vegna PMTO foreldrabjálfun	17.500	SCPV-27	
Breytingar á fjárheimildum VEL vegna þriggja nýrra stöðugilda í Barnavernd	33.000	SCPV-28	
Breytingar á fjárheimildum VEL vegna verkefnisins Tinnu	25.000	SCPV-29	
Breytingar á fjárheimildum VEL vegna verkefnisins ELLA	22.000	SCPV-30	
Breytingar á fjárheimildum VEL vegna Bataskólans	15.000	SCPV-31	

Allar tölur í þús. kr.	Frumvarp	Frumvarp að fjárhagsáætlun með áorðnum breytingum	Breytingatillögur Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri hreyfingar græns framboðs		Breytingatillögur minnihluta
Miðlaeg stjórnsýsla					
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna innri leigu fasteigna, áhaldna og tækja			-18.555	SCPV-01	
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna samgöngusamninga			5.172	SCPV-02	
Breytingar á fjárheimildum RHS vegna Hinsegin félagsmiðstöðva			2.000	SCPV-11	
Tillaga um að lækka kostnað í miðlaegri stjórnsýslu borgarinnar um 5% á árinu 2020					D-4
Fjármála- og áhættustýringarsviðs					
Breytingar á fjárheimildum FAST vegna græns bókhalds Reykjavíkurborgar			4.800	SCPV-05	
Breytingar á fjárheimildum FAST vegna innkaupskrifstofu			13.500	SCPV-06	
Þjónustu- og nýsköpunarsvið					
Breytingar á fjárheimildum PON vegna Gagnsjár			13.200	SCPV-32	
Breytingar á fjárheimildum PON vegna Þýðingar heimasíðu borgarinnar			14.000	SCPV-33	
Framlag til B- hluta fyrirtækja					
Breytingar á fjárheimildum Framlaga til B- hluta fyrirtækja vegna Straetó			36.991	SCPV-34	
Sameiginlegur kostnaður					
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna innri leigu fasteigna, áhaldna og tækja			-11.425	SCPV-01	
Tillaga um viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds eili- og örorkulífeyrisþega					220.000 D-1

Ófyrirséð:					
Breytingar á fjárheimildum FÁST vegna græns bókhalds Reykjavíkurborgar			-4.800	SCPV-05	
Breytingar á fjárheimildum FÁST vegna innkaupskrifstofu			-13.500	SCPV-06	
Breytingar á fjárheimildum ÍTR vegna rekstrarsamnings Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins			-5.933	SCPV-07	
Breytingar á fjárheimildum ÍTR vegna fristundar fatlaðra			-6.700	SCPV-08	
Breytingar á fjárheimildum RHS vegna Hinsegin félagsmiðstöðva			-2.000	SCPV-11	
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna endurmatís á störfum			-72.000	SCPV-12	
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna búnaðarleigu grunnskóla			-52.749	SCPV-13	
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna skólaaksturs			-71.924	SCPV-14	
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna innritunarkerfisins Völu			-12.467	SCPV-16	
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna stækkunar húsnæðis 4ra skóla			-29.700	SCPV-17	
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna verkefnastjóra í Fellaskóla			-15.000	SCPV-19	
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna búnaðarátaks			-100.000	SCPV-20	
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna spár um barnafjölda			114.515	SCPV-21	
Breytingar á fjárheimildum USK vegna Heilbrigðiseftirlits			-20.000	SCPV-22	
Breytingar á fjárheimildum USK vegna reksturs umferðarljósa			-10.000	SCPV-23	
Breytingar á fjárheimildum VEL vegna reksturs neyðarskýlis að Grandavegi			-138.736	SCPV-24	
Breytingar á fjárheimildum VEL vegna endurmatís á störfum			-28.479	SCPV-25	
Breytingar á fjárheimildum VEL vegna framlags til Félagsbústaða			78.320	SCPV-26	
Breytingar á fjárheimildum VEL vegna PMTO foreldrabjálfun			-17.500	SCPV-27	
Breytingar á fjárheimildum VEL vegna þriggja nýrra stöðugilda í Barnavernd			-33.000	SCPV-28	
Breytingar á fjárheimildum VEL vegna verkefnisins Tinnu			-25.000	SCPV-29	
Breytingar á fjárheimildum VEL vegna verkefnisins ELLA			-22.000	SCPV-30	
Breytingar á fjárheimildum VEL vegna Bataskólans			-15.000	SCPV-31	
Breytingar á fjárheimildum PON vegna Gagnsjár			-13.200	SCPV-32	
Breytingar á fjárheimildum PON vegna Þýðingar heimasíðu borgarinnar			-14.000	SCPV-33	
Breytingar á fjárheimildum Framlaga til B- hluta fyrirtækja vegna Straetó			-36.991	SCPV-34	
Tillaga um viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds eili- og örorkulífeyrisþega					-220.000 D-1
Tillaga um lækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði úr 1,65% í 1,60%					-447.000 D-2
Tillaga um jöfn fjárframlög úr borgarsjóði með börnum í grunnskóla, óháð rekstrarformi					-289.001 D-9
Tillaga um jöfn framlög úr borgarsjóði með börnum í leikskóla, óháð rekstrarformi					-107.665 D-10
Bidlistar vegna þjónustu við börn					-40.500 F-1
Tillaga um að setja upp aðstöðu fyrir matvæli til að minnka matarsóun					-5.000 M-1
Tillaga um hækkun á frístundastyrk					-60.000 M-2
Tillaga um niðurfellingu á útsvari 67 ára og eldri sem eingöngu njóta greiðslna frá Tryggingastofnun					-237.300 M-3

<i>Laun og starfsmannakostnaður:</i>				
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna samgöngusamninga		-183.507	SCPV-02	Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna tónlistarskóla		-40.102	SCPV-15	Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum SFS vegna leiðsagnarkennara		-45.989	SCPV-18	Kemur ei til atkv.
Rekstrargjöld	143.443.626	143.141.607		
Rekstarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	-11.231.199	-10.929.180		
Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld)	5.538.533	5.538.533		
Friar skólamáltíðir fyrir börn í leik- og grunnskólum (SFS)			-1.605.000	F-2
Rekstarniðurstaða	-5.692.666	-5.390.647		Kemur ei til atkv.

Allar tölur í þús. kr.	Frumvarp	Frumvarp að fjárhagsáætlun með áorðnum breytingum	Breytingatillögur Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri hreyfingar græns framboðs	Breytingatillögur minnihluta
<i>Sjóðstreymi</i>				
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	2.149.200	2.149.200		
Breytingar á skammtimaliðum	-2.215.555	-2.215.555		
Fjárfestingahreyfingar	3.359.802	3.359.802		
Fjármögnunarhreyfingar	1.633.571	1.633.571		
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	-765.648	-463.629		

### Eignasjóður

<b>Skrifstofa eigna ESK</b>				
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna innri leigu fasteigna, áhaldna og tækja		-303.487	SCPV-01	Kemur ei til atkv.
Rekstrartekjur	28.406.663	28.103.176		
<b>Skrifstofa eigna ESK</b>				
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna samgöngusamninga		84	SCPV-02	Kemur ei til atkv.
<b>Umhverfis- og skipulagssvið - USKES</b>				
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna innri leigu fasteigna, áhaldna og tækja		-3.571	SCPV-01	Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárheimildum fagsviða vegna samgöngusamninga		2.019	SCPV-02	Kemur ei til atkv.
Rekstrargjöld	14.144.409	14.142.941		
Rekstarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	14.262.254	13.960.235		
Fjármagnstekjur og (fjármagnsgjöld)	-6.039.312	-6.039.312		
Rekstarniðurstaða	8.222.942	7.920.923		
<i>Sjóðstreymi</i>				
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	3.019.223	3.019.223		
Breytingar á skammtimaliðum	-1.676.562	-1.676.562		
Breytingar á fjárfestingaáætlun A-hluta Reykjavíkurborgar		1.864.450	SCPV-36	Kemur ei til atkv.
Breytingar á fjárfestingaáætlun A-hluta Reykjavíkurborgar		-1.864.450	SCPV-36	Kemur ei til atkv.
Lækkun fjárfestinga vegna tillögu um friar skólamáltíðir			1.605.000	F-2
Fjárfestingahreyfingar	-9.372.757	-9.372.757		Kemur ei til atkv.
Fjármögnunarhreyfingar	-151.710	-151.710		
Lækkun fjárfestinga vegna tillögu um friar skólamáltíðir			1.605.000	F-2
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	41.135	-260.883		Kemur ei til atkv.

Frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020 með áorðnum breytingum er samþykkt. R19010204

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflökks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fjárhagsáætlun 2020 og fimm ára áætlun til 2024 endurspeglar öðru fremur ábyrga fjármálastjórn. Samdrætti í efnahagslífinu er mætt með hagræðingarkröfu en líka metnaðarfullri fjárfestingaráætlun borgarsjóðs og borgarfyrirtækja. Breytingartillögur sem samþykktar voru í kvöld voru meðal annars um aukin framlög vegna samgöngusamninga, græns bókhalds, hinsegin félagsmiðstöðvar,

endurnýjun búnaðar til náms og kennslu í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, aukið framlag til tónlistarnáms, fjölgunar fartölva og tækibúnaðar í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum. Þá eru framlög aukin til velferðarmála vegna neyðarskýlis við Grandaveg, vegna foreldrabjálfunar og nýrra stöðugilda í barnavernd. Þá var samþykkt að halda áfram verkefninu Tinnu sem hefur það markmið að styðja unga einstæða foreldra og framlög samþykkt vegna Bataskólans. Í breytingartillögu við fjárfestingaráætlun eru breytingar sem lúta að umferðaröryggismálum í norðanverðum Grafarvogi. Stóra myndin í fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára eru að fjármögnun Borgarlínu er tryggð, fullkönnun á Hvassahrauni sem flugvallakosti verður framkvæmd á næstu tveimur árum. Laugavegur verður gerður að varanlegri göngugötu og Hlemm-torg verður endurgert á næstu árum. Ný jarð- og gasgerðarstöð tekur til starfa og söfnun lífræns úrgangs frá heimilum verður innleidd í áföngum. Þá verður farið í alþjóðlega skipulagssamkeppni um Samgöngumiðstöð Reykjavíkur við BSÍ. Grænar áherslur eru gegnumgangandi og loftslagsmál ávallt í forgrunni hjá þessum meirihluta – hér eftir sem hingað til.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Sjálfstæðismenn lögðu fram fjölda breytingartillagna við fjárhagsáætlun fyrir þennan fund. Lagðar voru til skattalækkanir og hagræðing í stjórnkerfinu, auknir afslættir fasteignagjalda fyrir eldri borgarara og öryrkja, sala eigna í samkeppnisrekstri og bætt jafnræði rekstraraðila í skólakerfinu. Þeim var öllum hafnað. Sú fjárhagsáætlun sem samþykkt hefur verið á þessum fundi er í raun skipbrot meirihlutasáttmálans sem gerður var eftir síðustu kosningar. Engin hagræðing er enda hækkar rekstrarkostnaður um 16% á aðeins tveimur árum. Skuldir vaxa hratt og verða 64 milljörðum hærri í lok kjörtímabils en fram kom í fimm ára fjárhagsáætlun sem lögð var fram fyrir kosningar. Áætlun út kjörtímabilið liggur nú fyrir og er ljóst að þessi mikla skuldasöfnun er langt umfram það sem reksturinn gefur af sér. Gæfulegra væri fyrir meirihlutann að hlusta á viðvörunarorð og tillögur þeirra sem sitja í minnihluta, frekar en að horfast ekki í augu við vaxandi undirliggjandi rekstrarvanda.

Borgarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að líta til heildarsamhengisins við vinnslu á útteilingu fjármagns til ólíkra málaflokka borgarinnar. Fjárhagsáætlunargerð byggir að stórum hluta á rammaúthlutun, þar sem ætlast er til þess að allir útgjaldaliðir rúmist innan ákveðins ramma. Sósíalistar líta svo á að ekki sé hægt að skammta fjármagni á ólíka liði án þess að ræða hvar fjárframlög hinna ríkustu séu. Sósíalistar telja mikilvægt að Reykjavíkurborg leití til hinna sveitarfélaganna með það að markmiði að mynda samstöðu um að koma útsvari á fjármagnstekjur. Slíkt er mikilvægt til að styrkja borgarsjóð svo hægt sé að vinna að öllum þeim mikilvægu verkefnum sem eru á ábyrgð borgarinnar. Þó að borgarstjórn geti ekki lagt á skatta án laga frá Alþingi, þá er mikilvægt að vinna að endurreisn skattkerfisins, þar sem hinir ríku greiða eðlilegan hlut í sameiginlegan sjóð okkar. Mikilvægt er að breyta kerfinu sem fjárhagsáætlun byggir á, í stað þess að vinna innan um takmarkaðan ramma þar sem það vantar fjárframlag hinna auðugustu. Eðlilegt er að svið borgarinnar endurskoði reglulega hvað megi bæta og útfæra betur en hagræðingarkröfu má ekki útfæra þannig að það sé erfitt að útfæra og komi sér illa fyrir borgarbúa og þá sem sinna mikilvægum störfum fyrir borgarbúa.

Borgarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn felldi allar breytingatillögur borgarfulltrúa Miðflokksins. Það er döpur niðurstaða en sýnir það að ekkert er að marka málflutning þeirra. Mesta kjarabót fyrir eldri borgara í Reykjavík sem ekki hafa úr digrum sjóðum að spila er að fella niður útsvarið á þann hóp. Sú tillaga er alveg samkynja niðurfellingu

fasteignagjalda á þennan sama hóp. Eins samþykkti meirihlutinn ekki þá tillögu og sjálfsögðu kröfu að frístundastyrkur sem veittur er með frístundakorti taki hækkunum samkvæmt vísitölu neysluverðs eins og allar almennar gjaldskrár hjá borginni. Eftir hækkun nú yrði frístundastyrkurinn 54.000 kr. á ári. Að samhæfa matarsóun og að gefa fólki mat í dagslok á matartorgi var líka fellt. Sú tillaga er má segja án kostnaðar en fékk ekki náð fyrir augum meirihlutans. Tillögur Miðflokksins um að gera betur fyrir eldri borgara, börn og þá sem ekki eiga fyrir mat voru allar felldar. Þessu fólki sem stjórnar borginni er ekki sjálfrátt og ekkert að marka hvað það segir í þessum málaflokkum.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins hefur lagt fram ýmsar tillögur sem snúa að því að bæta þjónustu og liðka fyrir aðgengi að borginni svo allir geta notið hennar. Það hugnast þessum meirihluta ekki. Þessi meirihluti sýnir ákveðna fordóma gagnvart fjölskyldufólki í úthverfum sem þarf að nota bíl í sínu daglega lífi. Í þessari fjárhagsáætlun er aftur ítrekað að ekki er tekið nægjanlega tillit þeirra hópa sem minnst mega sín. Það tekur á að svo margir, sem raun ber vitni, eiga um sárt að binda í svo ríkri borg sem Reykjavík er. Flokkur fólksins vill sjá næstu fimm árin í borginni með öðrum hætti en meirihlutinn leggur upp með. Flokkur fólksins vill að börn, öryrkjar og eldri borgarar fái fullan forgang. Minnt er á að nýlega er búið að skrifa undir samning um stuðning félagsmálaráðuneytisins við innleiðingu á verkefninu Barnvæn sveitarfélög. Ekki hefur verið farið vel með útsvarsfé borgarbúa. Nærtækast er brúlið með kostnað við borgarstjórnarfundir. Borgin státar af góðu gengi þótt skuldastaða hafi versnað. Þjónustu er víða ábótavant. Væri betur haldið á spilunum fjárhagslega væri hægt að draga úr lántöku og vinna á biðlistum. Vandí skóla- og frístundasviðs er augljós og hvernig óskir skóla hafa verið hunsaðar er óásættanlegt.

2. Fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar 2020-2024; síðari umræða.  
Lagt fram að nýju frumvarp að fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar fyrir árin 2020-2024, sbr. 2. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 5. nóvember.  
Samþykkt. R19010204  
Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflökks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fjárhagsáætlun 2020 og fimm ára áætlun til 2024 endurspeglar öðru fremur ábyrga fjármálastjórn. Samdrætti í efnahagslífinu er mætt með hagræðingarkröfu en líka metnaðarfullri fjárfestingaráætlun borgarsjóðs og borgarfyrirtækja. Breytingartillögur sem samþykktar voru í kvöld voru meðal annars um aukin framlög vegna samgöngusamninga, græns bókhalds, hinsegin félagsmiðstöðvar, endurnýjun búnaðar til náms og kennslu í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi, aukið framlag til tónlistarnáms, fjölgunar fartölva og tæknibúnaðar í leikskólum, grunnskólum og frístundamiðstöðvum. Þá eru framlög aukin til velferðarmála vegna neyðarskýlis við Grandaveg, vegna foreldrabjálfunar og nýrra stöðugilda í barnavernd. Þá var samþykkt að halda áfram verkefninu Tinnu sem hefur það markmið að styðja unga einstæða foreldra og framlög samþykkt vegna Bataskólans. Í breytingartillögu við fjárfestingaráætlun eru breytingar sem lúta að umferðaröryggismálum í norðanverðum Grafarvogi. Stóra myndin í fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára eru að fjármögnun Borgarlínu er tryggð, fullkönnun á Hvassahrauni sem flugvallakosti verður framkvæmd á næstu tveimur árum. Laugavegur verður gerður að varanlegri göngugötu og Hlemmtorg verður endurgert á næstu árum. Ný jarð- og gasgerðarstöð tekur til starfa og söfnun lífræns úrgangs frá heimilum verður innleidd í áföngum. Þá verður farið í alþjóðlega skipulagssamkeppni um Samgöngumiðstöð Reykjavíkur við BSÍ. Grænar áherslur

eru gegnumgangandi og loftslagsmál ávallt í forgrunni hjá þessum meirihluta – hér eftir sem hingað til.

Borgarfulltrúi Sósíalistasflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að líta til heildarsamhengisins við vinnslu á útteilingu fjármagns til ólíkra málaflokka borgarinnar. Fjárhagsáætlunargerð byggir að stórum hluta á rammaúthlutun, þar sem ætlast er til þess að allir útgjaldaliðir rúmist innan ákveðins ramma. Sósíalistar líta svo á að ekki sé hægt að skammta fjármagni á ólíka liði án þess að ræða hvar fjárframlög hinna ríkustu séu. Sósíalistar telja mikilvægt að Reykjavíkurborg leiti til hinna sveitarfélaganna með það að markmiði að mynda samstöðu um að koma útsvari á fjármagnstekjur. Slíkt er mikilvægt til að styrkja borgarsjóð svo hægt sé að vinna að öllum þeim mikilvægu verkefnum sem eru á ábyrgð borgarinnar. Þó að borgarstjórn geti ekki lagt á skatta án laga frá Alþingi, þá er mikilvægt að vinna að endurreisn skattkerfisins, þar sem hinir ríku greiða eðlilegan hlut í sameiginlegan sjóð okkar. Mikilvægt er að breyta kerfinu sem fjárhagsáætlun byggir á, í stað þess að vinna innan um takmarkaðan ramma þar sem það vantar fjárframlag hinna auðugustu. Eðlilegt er að svið borgarinnar endurskoði reglulega hvað megi bæta og útfæra betur en hagræðingarkröfu má ekki útfæra þannig að það sé erfitt að útfæra og komi sér illa fyrir borgarbúa og þá sem sinna mikilvægum störfum fyrir borgarbúa.

Borgarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Meirihlutinn felldi allar breytingatillögur borgarfulltrúa Miðflokksins. Það er döpur niðurstaða en sýnir það að ekkert er að marka málflutning þeirra. Mesta kjarabót fyrir eldri borgara í Reykjavík sem ekki hafa úr digrum sjóðum að spila er að fella niður útsvarið á þann hóp. Sú tillaga er alveg samkynja niðurfellingu fasteingnagjalda á þennan sama hóp. Eins samþykkti meirihlutinn ekki þá tillögu og sjálfsögðu kröfu að frístundastyrkur sem veittur er með frístundakorti taki hækkunum samkvæmt vísitölu neysluverðs eins og allar almennar gjaldskrár hjá borginni. Eftir hækkun nú yrði frístundastyrkurinn 54.000 kr. á ári. Að samhæfa matarsóun og að gefa fólki mat í dagslok á matartorgi var líka fellt. Sú tillaga er má segja án kostnaðar en fékk ekki náð fyrir augum meirihlutans. Tillögur Miðflokksins um að gera betur fyrir eldri borgara, börn og þá sem ekki eiga fyrir mat voru allar felldar. Þessu fólki sem stjórnar borginni er ekki sjálfrátt og ekkert að marka hvað það segir í þessum málaflökum.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar meirihlutans hafa tjáð sig um skoðanir sínar. Það er dapurt að hlusta á lýsingu á aðferðarfræði sem felur í sér að útiloka einn þjóðfélagshóp, þann sem þarf að nota bíl. Talað er eins og borgarlína sé komin og að almenningssamgöngur séu fullnægjandi. Sagt er að enginn eigi að þurfa bíl til að sækja sér opinbera þjónustu. Allt skuli rafrænt. Flokki fólksins blöskrar þessi rörsýn, meinloka og hvernig farið er í að loka leiðum og möguleikum áður en aðrir valmöguleikar liggja fyrir. Eru börnin send og sótt rafrænt í leikskólann? Hvernig eiga fjölskyldur að koma börnum sínum í og úr leikskóla/skóla/tómstundum, koma sér í og úr vinnu og sinna ýmsum erindum þegar þær geta ekki lengur nota bíl sinn nema á afmörkuðum svæðum. Enn eru mörg ár í borgarlínu og strætókerfið er ófullnægjandi. Þessu fólki er gert ómögulegt að búa í úthverfum, eiga börn og sækja vinnu miðsvæðis sem bráðum verður lokað bílum. Áhersla meirihlutans í þessum málum er röng. Nær væri að setja orku, tíma og fé í beina þjónustu við fólkið í borginni. Tímabært er að setja niður og ræða við fólk sem telur að meirihlutinn hafi brugðist sér, jafnvel svikið sig. Miklu var fórnað hjá sumum flokkum fyrir völdin. Loforð um fögur fyrirheit eru mörg fyrir bí.

3. Lagðar fram fundargerðir borgarráðs frá 21. og 28. nóvember. R19010002

- 31. liður fundargerðarinnar frá 21. nóvember; tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2019 er samþykktur. R19010200  
Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

- 23. liður fundargerðarinnar frá 28. nóvember; tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2019 er samþykktur. R19010200  
Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Sósíalístaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 23. lið fundargerðar borgarráðs frá 28. nóvember:

Ekki hafa fengist viðhlítandi skýringar á að ráðstafa 565 m.kr. vegna framlags Reykjavíkurborgar til samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Þar af eru 365 m.kr. til viðbótar við þær 200 m.kr. sem áætlað hafði verið að verja til borgarlínu á árinu en flytjast nú á milli kostnaðarstaða og borgarlína núlluð út. Borgarstjóri harðneitar því að þessi upphæð eigi að fara í nýjan ljósastýringarbúnað. Það útboð sem var auglýst daginn fyrir undirritun við ríkið og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hefur nú verið kært til kærunefndar útboðsmála. Hvað er þetta fjármagn að fara í svo seint á árinu? Svo seint að leggja þarf fram viðauka við fjárhagsáætlun fyrir 2019. Hvað er það í samgöngusáttmálanum sem krefst þessara upphæða núna? Til að bæta gráu ofan á svart þá á að taka 100 milljón króna framlag til enn einnar skoðunarnefndarinnar um flugvöll í Hvassahrauni inn á borgarráðsfund á fimmtudaginn. Hvað er að? Hvers vegna liggur ekki fyrir breytingartillaga í dag sem samþykkt verður inn í fjárhagsáætlun 2020?

4. Lagðar fram fundargerðir forsætisnefndar frá 28. nóvember, skipulags- og samgönguráðs frá 20. nóvember, skóla- og frístundaráðs frá 26. nóvember, umhverfis- og heilbrigðisráðs frá 27. nóvember og velferðarráðs frá 20. nóvember. R19010073
- 2. liður fundargerðarinnar frá 28. nóvember; breytingar á samþykkt fyrir aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks er samþykktur. R19020099  
Borgarfulltrúi Miðflokksins situr hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 6. lið fundargerðar skóla- og frístundaráðs:

Ekki er gott að átta sig á þankagangi meirihlutans í skóla- og frístundaráði þegar tillaga eins og þessi er felld. Hér er um að ræða tillögu sem leiða myndi til þess að hjálpa þeim foreldrum sem verst eru staddir. Öll vitum við að þegar hækka á laun, eða draga úr skerðingum kemur það oft þeim sem eru verst settir minnst til góða. Fólk sem er í góðum eignum vill einnig oft borga meira. Þess vegna er nauðsynlegt að tekjutengja hluti stundum eins og þessi tillaga fjallar um en lagt var til að tekjur foreldra/forsjármanna hafi bein áhrif á gjaldskrá frístundaheimila. Hér er um frístundarheimili að ræða, dvöl sem er börnum nauðsynleg til að foreldrar geti unnið úti. Kostir við að tekjutengja eru að það fólk sem virkilega þarf aðstoðina fá hana en hinir ekki. Séraðgerða er þörf til að hjálpa þeim verst settu. Almenna reglan ætti að vera sú þeir sem eru fátækir eiga ekki að borga eins mikið og þeir efnaðri. Núna er hópur að störfum sem skoðar sárafatækt og mættu tillögur sem lúta að leiðum til að jafna kjör borgarbúa gjarnan vera vísað í hópinn til frekari útfærslu í stað þess að vera felldar.

Borgarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun undir 4. lið fundargerðar forsætisnefndar:

Lagt var fram svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 22. nóvember 2019, við fyrirspurn forseta borgarstjórnar um kostnað vegna starfsaðstöðu borgarfulltrúa. Aheytnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun: Kostnaðurinn er svimandi hár. Hálfur milljarður fer í húsnæðiskostnað við skrifstofur í Tjarnargötu

og í ráðhúsi. Skrifstofukosnaður er 32,2 milljónir fyrir kjörna fulltrúa sem er mjög há upphæð. Það er ósk borgarfulltrúa Miðflokksins að borgarfulltrúar fái frelsi til að velja sér skrifstofur til sinna starfa og húsnæðinu í Tjarnargötu verði lokað. Það er ekki boðlegt að fulltrúar 8 flokka deili skrifstofurými.

**Fundi slitið kl. 19:52**

Pawel Bartoszek

Sanna Magdalena Mörtudóttir

Hjálmar Sveinsson